



Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólsgrötu 4
101 Reykjavík

Sent í samráðsgátt

Reykjavík, 29. nóvember 2021

Efni: Umsögn SI, SA og IGI um drög að stefnu um rafleiki/rafíþróttir, mál nr. 213/2021

Samtök iðnaðarins, SI, Samtök atvinnulífsins, SA, og Samtök leikjaframleiðenda, IGI, (hér eftir „*samtökin*“) hafa tekið til umsagnar drög mennta- og menningarmálaráðuneytisins að stefnu um rafleiki/rafíþróttir, mál 213/2021.

Tölvuleikjaiðnaður er ört vaxandi, bæði hér á landi og á heimsvísu. Þessi vöxtur helst óhjákvæmilega í hendur við vaxandi áhuga almennings á iðkun tölvuleikja. Stefnumörkun hins opinbera í málaflokknum skiptir því máli og fagna samtökin því að stjórnvöld setji stefnu í þessum efnum.

Samtökin taka sérstaklega undir þau atriði í stefnunni sem varða atvinnutækifæri og nýsköpun annars vegar og eflingu innviða fyrir stafræn áhugamál hins vegar. Öflugt rafíþróttastarf styður við áframhaldandi vöxt tölvuleikjaiðnaðar hér á landi og öfugt. Því er mikilvægt að tryggja áfram gott samstarf þarna á milli. Hins vegar er mikilvægt að efla innviði ef rafíþróttastarf og tölvuleikjaiðnaður eiga að geta blómstrað hér á landi. Þá er ekki nóg að tryggja tæknibúnað á öllum stigum menntakerfisins heldur þarf einnig að efla tæknilæsi og áhuga á tæknimenntun meðal ungmenna strax á fyrstu stigum grunnskólakerfisins. Þetta má meðal annars gera með aukinni áherslu á kennslu í STEM greinum.

Fræðsla til almennings, iðkenda og foreldra ungra iðkenda um tölvuleiki er af hinu góða en spennandi starfstækifæri eru til staðar á Íslandi fyrir ungt fólk sem leggur stund á tölvuleiki. Mikilvægt er að sporna gegn úreltri en lífsseigri staðalímynd um hinn týpíska tölvuleikjaiðkanda og hvetja fólk af öllum kynjum til þess að kynna sér rafíþróttir og tölvuleiki. Í tölvuleikjaiðnaði eru hátæknistörf sem eru skapandi, fjölbreytt og vel launuð.

Að lokum vilja samtökin sérstaklega hrósa Rafíþróttasamtökum Íslands, RÍSí, fyrir öflugt starf í þágu rafíþróttar á Íslandi, samtök á borð við RÍSí eru mikilvæg til þess að finna



áhuga ungs fólks á Íslandi á tölvuleikjum jákvæðan farveg og opna möguleika fyrir hæfileikaríka iðkendur hérlendis og erlendis.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Nanna Elísa Jakobsdóttir', written over a horizontal line.

Nanna Elísa Jakobsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Þorgeir Óðinsson', written over a horizontal line.

Þorgeir Óðinsson,
Formaður IGI

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Heiðrún B. Gísladóttir', written over a horizontal line.

Heiðrún B. Gísladóttir
Samtök atvinnulífsins